



Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2022
USK22030142

Tilvísun í mál: US220055

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sorpflokkun

Á fundi skipulags og samgönguráðs 23. mars 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Sveitarfélög eru ekki komin langt í að endurvinna gler þó að það eigi að fara að safna því núna. Samkvæmt skuldbindingum okkar gagnvart ESB eigum við að endurvinna gler en það er ekki gert enn. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram fyrirspurn um hvenær endurvinnsla glers hefjist í Reykjavík?

Einnig er spurt um hvaða aðgerðir á að grípa til, til þess að flokka plast í flokka til þess að sem mest af því verður endurrunnið?

Verður það gert hér á landi eða sent til úrvinnslu erlendis þar sem lögð er áhersla á að endurvinna sem mest.

Eða verður þessu brennt?

Núverandi hugmyndir eru um hátæknibrennslustöð, en slík stöð endurvinnur ekki, hún brennir oft endurvinnanlegu efni. Hátæknibrennslustöð er því ekkert annað en milliskref en ekki endanlegt ferli.“

Svar skrifstofu umhverfisgæða:

Umbúðagleri hefur verið sérsafnað á grenndarstöðvum í Reykjavík hátt á sjöunda ár og magnið aukist jafnt og þétt á milli ára. Umbúðaglerinu er skilað til Sorpu bs. þar sem það er endurnýtt, ýmist innan urðunarstaðarins eða haldið til haga til seinni tíma endurnýtingar í vegagerð. Ekki liggur fyrir hvort og hvenær Sorpa byrjar endurvinnslu á umbúðagleri.

Leitast er við að endurvinna eins mikið af plasti og kostur er. Í tilraunaskyni hefur Sorpa hafið flokkun á plasti á einni endurvinnslustöð í fjóra flokka. Ekki liggja fyrir breytingar á flokkun plasts við heimili eða á grenndarstöðvum.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar hjá Sorpu bs.

Friðrik Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða